

Kjaradeilusjóður SBU

Ársreikningur 2016

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 511290-2369

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda.....	1
Áritun og skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjaradeilusjóðs SBU

Skýrsla um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs SBU fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2016, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Kjaradeilusjóði SBU. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs SBU og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum

Áritun óháðs endurskoðanda

endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum.

Reykjavík 3. apríl 2017



Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík


Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kjaradeilusjóðs SBU er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.


Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2016 kr. 459.911. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 11.132.553.

Stjórn Kjaradeilusjóðs SBU samþykkir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 3. apríl 2017


Sigrún Guðnadóttir, formaður

Óskar Guðjónsson


Dagný Jónsdóttir


Óskar Þór Þráinsson


Hallfríður Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrargjöld			
Gjöld vegna verkfalla BHM.....		229.140	9.870.625
	Rekstrartap	<u>(229.140)</u>	<u>(9.870.625)</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		23.343	62.744
Hagnaður af verðbréfaeign.....		730.330	1.094.888
Fjárvörslukostnaður.....		(60.000)	(55.000)
Fjármagnstekjuskattur.....		(4.622)	(70.557)
		<u>689.051</u>	<u>1.032.075</u>
	Hagnaður (tap) ársins	<u>459.911</u>	<u>(8.838.550)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir

	Skýr	2016	2015
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign.....		16.706.630	15.976.300
Handbært fé.....		475.688	516.967
Veltufjármunir samtals		<u>17.182.318</u>	<u>16.493.267</u>
Eignir samtals		<u><u>17.182.318</u></u>	<u><u>16.493.267</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		10.672.642	19.511.192
Hagnaður (tap) ársins.....		459.911	(8.838.550)
Eigið fé samtals		<u>11.132.553</u>	<u>10.672.642</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Skuld við Félagssjóð.....		6.049.765	5.820.625
Skammtímaskuldir samtals		<u>6.049.765</u>	<u>5.820.625</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>17.182.318</u></u>	<u><u>16.493.267</u></u>
------------------------------------	--	--------------------------	--------------------------

Sjóðstreymi 2016

Handbært fé frá rekstri	2016	2015
Innborganir:		
Innborgaðir vextir.....	23.343	62.744
Lán frá Félagssjóði.....	229.140	5.820.625
Innleyst verðbréf.....	0	1.358.018
Innborganir samtals	<u>252.483</u>	<u>7.241.387</u>
Útborganir:		
Greiðslur vegna verkfalla BHM.....	229.140	9.870.625
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	64.622	125.557
Útborganir samtals	<u>293.762</u>	<u>9.996.182</u>
Handbært fé frá (til) rekstri.....	(41.279)	(2.754.795)
Handbært fé í ársbyrjun	516.967	3.271.762
Handbært fé í árslok	<u>475.688</u>	<u>516.967</u>